

NÝJUNG Á ÍSLANDI

Clarvista™ Gler
fyrir **STURTUKLEFANN**

Tærleiki sem varir
Clarvista™ glerið er húðað með sérstöku efni sem lokar yfirborði þess og myndar verndarhjúp

Clarvista™ glerið helst sem nýtt um ókomna tíð

Auðvelt að þrifa

CE VOTTUÐ FRAMLÆIÐSLA

ALLT Í GLERI

ARINGLER	SJÁLFRHEINSANDI
BORÐPLÖTUR	SKJÓLVEGGIR
EINANGRUNARGLER	SÓLVARNARGLER
ELDVARNARGLER	SPEGLAR
HAMRAB GLER	STURTUGLER
HANDRIB	VEGGKLÆÐNING
HILLUR & HURÐIR	ÞAKGLER
K-GLER	ÞAKSKYGGNI
MILLIVEGGIR	ÖRYGGISGLER
SANDBLÁSÍÐ	O.F.L. O.F.L.

Íspan 54 54 300

GLER OG SPEGLAR SMÍÐJUVEGI 7 • KÓPAVOGI

mbl.is - Alltaf - Allstaðar

„Okkur hefur verið tekið sem höfðingjum“

● Flug Eyjaflugs til Saudárkróks fer vel af stað

Björn Jóhann Björnsson
bjb@mbl.is

„Viðtökurnar hafa verið framar vonum, okkur hefur verið tekið sem höfðingjum,“ segir Bergur Axelsson, annar eigenda Air Arctic, áður Eyjaflugs, en félagið hóf áætlunarflug milli Saudárkróks og Reykjavíkur í lok janúar sl. Hafði flug þangað legið niðri í rúm ár en það komst á aftur með framlagi frá innanríkisráðuneytinu og sveitarfélaginu Skagafirði, auk stuðnings fyrirtækja og stofnana á svæðinu.

Á sögn Bergs eru það mikið til starfsmenn fyrirtækja og stofnana sem nýta sér flugið en einnig ferðamenn og íbúar, sem m.a. þurfa að fara til lækna og annarra sérfræðinga í Reykjavík.

„Þetta er langtum þægilegra og fjótlegra en að hanga í strætó í fjóra eða fimm tíma,“ segir Bergur léttur í bragði, en félagið á í harðri samkeppni við samgönguleiðir landleiðina, einkum Strætó bs.

Flugið er alla daga vikunnar nema á miðvikudögum og laugardögum. Á þriðjudögum og fimmtudögum er flugið tvisvar á



Eyjaflug Bergur Axelsson og Einar Aðalsteinsson, eigendur Air Arctic, við flugvélinu sem sinnir fluginu á Saudárkrók og fleiri tilfallandi verkefnum.

Áætlunarflug norður

» Flug milli Saudárkróks og Reykjavíkur á sér langa sögu.

» Flugvöllur var lagður á Borgarsandi 1949 en núverandi völlur, Alexandersflugvöllur, var tekinn í notkun árið 1976.

flugafgreiðslu í samstarfi við Flugfélag Íslands á Reykjavík-urflugvelli, bæði fyrir farþega og frakt. Á Saudárkróki annast N1 vörufugreiðslu fyrir félagið.

Fleiri staðir til skoðunar

Air Arctic er með samning um flugið norður til eins árs. Á sögn Bergs er það til skoðunar að fljúga á fleiri staði en nokkur bæjarfélög hafa sýnt því áhuga að ná samskonar samningum. Hann gefur ekki upp hvaða staðir þetta eru. „Það er eitt og eitt horn á landinu sem ekki er sinnt hvað flugsamgöngur varðar,“ segir Bergur.

dag; að morgni og síðdegis. Bergur segir þessa áætlun verða óbreytt á sumar, enda sé hún sniðin að þörfum heimamanna. Air Arctic er með

Fagna sjálfsákvörðunarrétti

● Sveitarfélögin ráði sjálf tilhögun skólastarfsins

„Það er mikið fagnaðarefni að sveitarfélög geti samið við einkaaðila um rekstur skóla. Þetta eykur jafnframt möguleika sveitarfélaga sem vilja fara nýjar leiðir í skólarekstri. Fólk þarf ekki bara að búa á höfuðborgarsvæðinu til þess að hafa svipuð



Sigríður Anna Guðjónsdóttir

tækifæri og val til menntunar,“ segir Sigríður Anna Guðjónsdóttir, formaður Samtaka sjálfstæðra skóla, en samtökin fagna niðurstöðu innanríkisráðuneytis um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga um tilhögun skólastarfs. Ráðuneytið staðfesti að

sveitarfélagi er heimilt að gera samning við einkaaðila um rekstur grunnskóla, jafnvel þó að um sé að ræða eina grunnskóla sveitarfélagsins. Úrskurður innanríkisráðuneytis kemur í kjölfar þess að Tálknafjarðarhreppur leitaði til Hjallastefnunnar um samstarf vegna leik-, grunn- og tónlistarskóla sveitarfélagsins. Menningar- og menntamálaráðuneytið vísaði málinu til innanríkisráðuneytis. vidar@mbl.is



Ársfundur 2013

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn mánudaginn 18. mars kl. 18 á Grand Hótel Reykjavík.

DAGSKRÁ FUNDARINS

- » Venjuleg ársfundarstörf
- » Önnur mál

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 24. janúar 2013
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

live.is



Ljósmynd/Dalli

Sigurveggarar Helga Una Björnsdóttir og Bikar frá Syðri-Reykjum báru sigur úr bytum í opnum flokki á ístöltmótinu Svellköldum konum um helgina.

Fögur fljóð kepptu í ístölti

Helga Una Björnsdóttir á hestinum Bikar frá Syðri-Reykjum sigraði í opnum flokki á ístöltmótinu Svellköldum konum, sem haldið var í Skautahöllinni í Laugardal á laugardaginn. Helga og Bikar voru jafnframt valin par mótsins. Önnur varð Sýlvía Sigurbjörnsdóttir á Héðni Skúla frá Oddhóli.

Hin sænska Sarah Höegh var efst eftir sætaröðun frá dómurum í flokknum „meira keppnisvanar“ á hryssunni Þóru Dís frá Auðs-

holtshjáleigu. Önnur í þeim flokki varð Raket Sigurhansdóttir á Ófeigi frá Holtsmúla. Þá vann Katrín Líf Sigurðardóttir á Birtu frá Hákotí, í flokknum „minna vanar“. Jafnar í öðru til þriðja voru Oddný M Jónsdóttir og Maja Gry Nielsdatter. Einungis hundrað keppendur fengu að spreya sig á ísnum. Mótið fór fram í sjöunda sinn og er það haldið til styrktar landsliði Íslands í hestaíþróttum. Alls söfnuðust 1,4 milljónir króna. thorunn@mbl.is